



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 28/2009

**Kvörtun Brautarinnar – bindindisfélags ökumanna yfir skráningu og notkun
Gunnsteins Rúnars Sigfússonar á léninu okuleikni.is**

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi Brautarinnar - bindindisfélagi ökumanna með bréfi, dags. 30. apríl 2009, þar sem kvartað er yfir skráningu og notkun Gunnsteins Rúnars Sigfússonar ökukennara á léninu okuleikni.is.

Í erindinu kemur fram að Brautin hafi frá árinu 1978 staðið fyrir keppni í ökuleikni og félagið eigi skráð vörumerkið ÖKULEIKNI hjá Einkaleyfastofu frá 19. desember 1988.

Ökuleikni er keppni þar sem leitast sé við að finna besta ökumanninn. Keppendur svari umferðarspurningum og aki í gegnum þrautabraut sem sett sé upp á lokuðu svæði. Keppt sé í kvenna- og karlariðli og henti keppnin vel til að vekja athygli á mikilvægi þess að sýna aðgæslu við akstur bifreiða.

Haustið 2008 hafi stjórn félagsins borist ábending um að Gunnsteinn Rúnar Sigfússon, ökukennari, hafi skráð lénið okuleikni.is. Samkvæmt skráningu ISNIC var lénið skráð þann 28. júní 2006. Að mati Brautarinnar hefur Gunnsteinn með þessu brotið gegn lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, einkum 15. gr. a., og 1. tl. 4. gr. sbr. 4. tl. 5. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki. Gunnsteinn kynni á vefsíðunni starfsemi sína sem feli í sér ökukennslu. Sú starfsemi falli undir sama flokk og skráning vörumerkisins ÖKULEIKNI og því telur félagið notkun Gunnsteins á vörumerkinu ólöglega.

Félagið sendi Gunnsteini bréf þann 6. nóvember 2008 þar sem farið var fram á að hætt yrði notkun lénsins tafarlaust og lénið afhent Brautinni. Krafan var ítrekuð með ábyrgðarbréfi þann 23. janúar 2009 og Gunnsteini veittur frestur til 13. febrúar til að hætta notkun lénsins og afhenda það félaginu. Engin svör hafi borist þrátt fyrir að síðara bréfinu hafi sannarlega verið veitt viðtaka.



Af hálfu Brautarinnar er gerð sú krafa að notkun Gunnsteins á léninu okuleikni.is verði hætt og lénið afskráð að viðlögðum þeim viðurlögum sem Neytendastofu sé heimilt að beita.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi Brautarinnar var sent Gunnsteini Rúnari til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 6. maí 2009. Svar Gunnsteins barst með bréfi, dags. 11. maí 2009, þar sem því er hafnað að um brot á ákvæðum laga nr. 57/2005 sé að ræða.

Í bréfinu kemur fram að Gunnsteinn hafi tekið þá ákvörðun að loknu ökukennaranámi að kynna og bjóða þjónustu sína með gerð vefsíðu og eftir leit í orðabók hafi hann tekið þá ákvörðun að nota orðið ökuleikni. Skv. íslenskri orðabók sé merking orðsins *leikni í akstri, t.d. bifreiðar og/eða bifhjóls*. Ekki sé vísað til þess að um einhverja aksturskeppni sé að ræða. Að mati Gunnsteins sé orðið lýsandi fyrir þjónustu hans og tilgang kennslunnar sem hann hygðist stunda.

Við skráningu lénsins hafi Gunnsteini ekki verið ljóst að Brautin ætti skráð vörumerkið ÖKULEIKNI eða að Brautin stæði fyrir aksturskeppni undir því nafni. Lénið hafi því verið skráð í góðri trú. Við leit að orðinu ökuleikni á leitarvél google.com þann 29. janúar 2009 hafi komið upp 8.320 niðurstöður. Orðið sé notað í ýmsu samhengi og ekki endilega í tengslum við aksturskeppni. Almenn notkun orðsins virðist því vísa til leikni í almennum akstri bifreiða.

Í bréfinu kemur einnig fram að aðilar séu ekki keppinautar. Á vefsíðu Gunnsteins komi skýrt fram að um sé að ræða vef ökukennara og þar sé boðið upp á faglegt ökunám. Því geti að mati Gunnsteins ekki skapast ruglingshætta af vefsíðu hans þó báðir aðilar virðist stuðla að því að auka öryggi fólks í umferðinni.

Gunnsteinn hafi lögmæta hagsmuni af notkun lénsins og hafi verið í góðri trú um rétt sinn þegar til skráningar lénsins kom.

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 20. maí 2009, var Brautinni sent bréf Gunnsteins til upplýsinga og aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið.



III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Brautin - bindindisfélag ökumanna yfir skráningu og notkun Gunnsteins Rúnars Sigfússonar, ökukennara, á léninu okuleikni.is. Brautin eigi skráð vörumerkið ÖKULEIKNI hjá Einkaleyfastofu frá 19. desember 1988 og haldi reglulega aksturskeppni undir heitinu ökuleikni. Skráning og notkun Gunnsteins á léninu brjóti því gegn ákvæðum 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 1. tl. 4. gr., sbr. 4. tl. 5. gr. laga nr. 47/1997 um vörumerki.

Af hálfu Gunnsteins er því hafnað að skráning hans og notkun á léninu brjóti gegn ákvæðum laganna. Hann hafi skráð lénið í góðri trú og notkun hans á léninu valdi ekki rugling á aðilum enda séu þeir ekki í sömu starfsemi.

2.

Í erindi Brautarinnar er vísað til ákvæðis 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glöggst sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúrumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Brautin á skráð orðmerkið ÖKULEIKNI hjá Einkaleyfastofu frá 19. desember 1988 og hefur notað það sem heiti á aksturskeppni sínar frá árinu 1978. Gunnsteinn Rúnar á skráð lénið okuleikni.is frá 28. júní 2006. Að mati Neytendastofu eiga báðir aðilar tilkall til auðkenna sinna og því kemur til álita ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.



Í erindi Brautarinnar er einnig vísað til 1. tl. 4. gr., sbr. 4. tl. 5. gr. laga nr. 47/1997 um vörumerki. Eins og fram kemur hér að ofan er ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 ætlað til fyllingar á vörumerkjarétti og við mat á ruglingshættu skv. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er því litið m.a. til ákvæða vörumerkjalaga. Eftirlit með vörumerkjalögum er þó í höndum Einkaleyfastofunnar og ágreining vegna hugsanlegra brota á lögnum verður að reka fyrir dómstólum. Neytendastofa getur því ekki fjallað um kvörtunina á grundvelli vörumerkjalaga og koma ákvæði þeirra því ekki til álita í málinu.

3.

Aðilar eru ekki keppinautar á markaði. Brautin notar vörumerki sitt sem heiti á aksturskeppni en kynnir keppnina ekki á sérstakri vefsíðu heldur á vefslóð Brautarinnar, brautin.is. Gunnsteinn Rúnar notar lén sitt til kynningar á ökukennslu sem hann býður upp á. Þrátt fyrir ólíka starfsemi aðilanna er orðið ökuleikni almennt og lýsandi fyrir starfsemi beggja enda er merking orðsins skv. íslenskri orðabók Eddu frá árinu 2002 „*leikni í akstri*“.

Skilyrði þess að um brot gegn ákvæði 15. gr. laga nr. 57/2005 sé að ræða er að notkunin valdi ruglingshættu milli aðila á markaði. Þar sem aðilar málsins eru ekki keppinautar og ekki skapast ruglingshætta milli lénanna tveggja, brautin.is og ökuleikni.is, er að mati Neytendastofu ekki hætta á því að neytendur ruglist á aðilunum og eigi viðskipti við rangan aðila.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa ekki ástæðu til frekari afskipta af máli þessu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til frekari aðgerða Neytendastofu í máli þessu“

Neytendastofa, 22. október 2009

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir